MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Kynning á starfi MK

## Fyrir forráðamenn nýnema

Haust 2026

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Stúdentspróf í MK

- Stúdentsprófið er 202 einingar en 203 einingar fyrir þá nemendur sem velja afreksíþróttasvið með bóknámsbraut.
- Allar brautir geta tengst afreksssviði skólans.
- Í MK eru fjórar stúdentsbrautir sem eru þriggja ára brautir þar sem miðað er við að nemandi ljúki 33-34 einingum á önn.
- Nemandi getur valið að taka námið á lengri tíma ef það hentar betur þar sem MK er áfangaskóli.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Umsjónarkennarar

- Allir nemendur á 1. og 2. ári hafa sinn umsjónarkennara sem þeir hitta í VERA áföngum vikulega.
  - VERA stendur fyrir Virðing, efling, rökhugsun og atorka.
  - VERA 1AA01, 1AB01, 1AC01, 1AD01
  - 2BA01 (útskriftaráfangi, tekinn á lokaönn)
- Hlutverk umsjónarkennara er meðal annars að fylgjast með hvernig nemendum gengur og veita þeim aðstoð og leiðsögn um allt sem viðkemur náminu og gengi í skólanum.
- Umsjónarkennari fylgist vel með mætingu nemenda.
- Umsjónarkennarinn er sá sem nemendur geta leitað fyrst til ef á þarf að halda.
- Umsjónarkennari er í nánu samstarfi við námsráðgjafa og stjórnendur.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Heimasíða MK



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Skólasókn

- Á heimasíðu skólans er skóladagatal 2026-2027, þar má sjá prófatímabil, vetrarfrí, jólafrí, sumarfrí o.fl.
- Við hvetjum forráðamenn til að taka börn sín ekki úr skóla á kennslu- og prófatíma.
- 90% lágmarks skólasókn er yfir önnina.
  - Reglur um skólasókn miða við **mætingu á önn** og tekur tillit til veikinda og leyfisskráninga.
  - **Raunmæting** er sú mæting sem nemandi er mættur í kennslustundir.
  - Athugið að slök raunmæting þýðir að nemandi hefur misst mikið úr kennslu þrátt fyrir að mæting á önn sé 100%.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Reglur um skólasókn

- Aðstoðarskólameistari sendir út ástundun í hverri viku.
  - Fari nemandi niður fyrir 95% mætingu á önn er viðtal við umsjónarkennara.
  - Fari nemandi niður fyrir 92% mætingu á önn er viðtal við námsráðgjafa.
  - Fari nemandi niður fyrir 90% mætingu á önn er send rafræn viðvörun á nemanda og forráðamann.
  - Fari nemandi niður fyrir 85% mætingu á önn er viðtal við aðstoðarskólameistara með forráðamanni.
  - Fari nemandi niður fyrir 80% mætingu á önn er heimilt að vísa nemanda úr skóla.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Leyfi og veikindi

- Skráning veikinda og skammtímaleyfa fer fram í gegnum INNU og þurfa forráðamenn að skrá slíkt samdægurs.
- Forráðamenn skrá sig í INNU með sínum rafrænu skilríkjum.
- Starfsmaður skólans þarf að samþykkja leyfi eða veikindi svo það færist í viðveruskráningu.
  - Það er EKKI hægt að skrá veikindi eða leyfi afturvirkt.
  - Tilkynna þarf veikinda alla daga sem nemandi er fjarverandi.
  - Fari **veikindaskráningar nemenda yfir 40 kennslustundir á önn** skulu þeir hafa samband við námsráðgjafa og skila læknisvottorði til staðfestingar á þrálátum veikindum.
  - Fari **leyfisskráningar nemenda yfir 30 kennslustundir á önn** verður þeim hafnað í INNU.
  - Leyfi vegna afreksíþrótta fara í gegnum afreksíþróttasvið og falla því ekki undir þessa reglu.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Skammtímaleyfi

- Hægt er að sækja um leyfi fyrir staka tíma eða einn dag en **lengri leyfi** þarf að sækja um til aðstoðarskólameistara á sérstöku eyðublaði á heimasíðu skólans.
  - **MK.IS → NEMENDUR → ÓSK UM TÍMABUNDNA FJARVERU**
- Skammtímaleyfi eru skráð í INNU og **nauðsynlegt að setja skýringu** með því annars er leyfi ekki samþykkt.
  - Þetta eru til dæmis heimsóknir til tannlæknis, læknis, sjúkraþjálfara o.þ.h. sem geta ekki farið fram utan skólatíma.
  - Leyfi eru **EKKI** veitt vegna einhvers sem hægt er að bóka utan skólatíma, til dæmis klipping, ökutími o.þ.h.
  - **Mjög mikilvægt er að gera greinarmun á veikindaskráningu og leyfisbeiðni.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# INNA

- Upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla.
- Þar er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu, próftöflu, námsferil, einkunnir og viðveru.
- Forráðamenn hafa sjálfkrafa aðgang að INNU að 18 ára aldri nemandans og geta fylgst með viðveru og námsferli
  - þegar nemandi verður 18 ára getur nemandi áfram veitt forráðamanni aðgang.
- Aðgangur að INNU er með rafrænum skilríkjum í gegnum heimasíðu MK eða inna.is.

**Mjög mikilvægt er að forráðamenn yfirfari upplýsingar og að símanúmer og netföng séu rétt skráð.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Moodle

- Moodle er kennsluumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, dagbók, próf, verkefnaskil, námsefni og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara og nemenda.
- Forráðamenn eru ekki með aðgang að Moodle en geta fengið aðgangsorð og lykilorð hjá börnum sínum vilji þeir fylgjast með.

**Mikilvægt er að nemendur hafi rafræn skilríki til að komast inn á Office365 og Moodle.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

- Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans.
  - Þar er góð vinnuaðstaða fyrir nemendur og hægt að fá lánaðar tölvur innan dagsins í undantekningartilfellum.
  - Nemendur geta prentað þar út og ljósritað en nemendur fá úthlutað prentkvóta (50 eintök) í byrjun annar.
  - Bókasafnið á podcast upptökutæki sem nemendur geta fengið afnot af innan skólans.
  - Hægt er að bóka herbergi á bókasafni fyrir hópavinnu á heimasíðu skólans.
- Tölvuþjónusta skólans er staðsett á skrifstofunni. Þar geta nemendur fengið ýmiskonar aðstoð við vandamál sem upp koma vegna tölvumála tolvuthjonusta@mk.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

- Elín, Elísa og Helga Lind eru náms- og starfsráðgjafar skólans og er opið hjá þeim á skólatíma:
  - Hægt er að bóka ráðgjöf á heimasíðu skólans eða senda póst á netfangið namsradgjof@mk.is

- Ásrún er sálfræðingur skólans. Hún veitir nemendum skólans sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Hún er einnig tengiliður farsældar innan skólans.
  - Hægt er að bóka viðtal á heimasíðu skólans eða senda póst á asrun.jonsdottir@mk.is

- Hjúkrunarfræðingur skólans er með viðveru í hverri viku.
  - Boðið upp á fræðslu og ráðgjöf við vægum vanda, s.s. tengdum geðheilbrigði, kynheilbrigði, félagslegum vanda og almennu heilbrigði.
  - Hægt er að bóka tíma á mk@heilsugaeslan.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta



# Námsaðstoð

- Lögð er áhersla á símat en þó eru lokapróf í einhverjum áföngum. Lokapróf í desember og maí eru 90 mínútur en allir nemendur mega sitja í 120 mínútur.
- Verkefnatímar eru í stundatöflum allra nemenda. Þá eru allir kennarar til viðtals og nemendur geta fengið frekari aðstoð við námsefni og verkefni. Stofulisti hangir á skrifstofu skólans.
- Öllum nemendum stendur til boða talgervill sem les upp verkefni og próf.
- Nemendur fá aðstoð frá umsjónarkennurum, námsráðgjöfum og áfangastjóra við skipulagningu námsins og val á hverri önn.
- Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og afhenda gögnin. Engin gögn fylgja nemendum frá grunnskólanum.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Hagnýtar upplýsingar

- Ekki er leyfilegt að vera í útiskóm í skólanum og mælum við með því að nemendur séu á inniskóm.
- Nemendur fá skáp í byrjun skólaárs þar sem þeir eiga að geyma útiskó. Ekki er tekin ábyrgð á skóm sem geymdir eru utan skóskápa.
- Auk fartölvu þurfa nemendur að eiga námsgögn og ritföng eins og vasareikni, stílabækur, blýanta, strokleður og þess háttar. Skrifstofan lánar ekki ritföng.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Hagnýtar upplýsingar

- Mötuneyti skólans er opið 8:00 – 15:30 (föstudaga til 14:00). Nemendur geta keypt heita máltíð í hádeginu eftir vigt. Eins eru sjálfsalar í skólanum.
- Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga er boðið upp á hafragraut á morgnana nemendum að kostnaðarlausu.
- Nemendur geta komið með nesti. Örbylgjuofn og samlokugrill er á staðnum.

**Matseðill birtist vikulega á mk.is.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Takk fyrir - með von um gott samstarf í vetur ☺